

22. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps 12. júní 2015 kl. 09:30.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri jarðvangsins.

Ásgeir formaður setti fund og gengið var til áður boðaðrar dagskrár:

1. Yfirferð yfir verkefni jarðvangsins frá síðasta stjórnarfundi.

Brynja fylgdi þessum lið úr hlaði. Gerð var áfangaskýrsla og verkáætlun vegna styrks frá SASS frá því í fyrra. Einnig var sótt um nýjan styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurlands varðandi fuglatengd verkefni og vörupróun í því sambandi. Umsóknin er byggð á vinnu fyrri fuglasklasaverkefna á vettvangi SASS. Sent var erindi um fjárstuðning við jarðvanginn til fimm ráðuneyta, neikvætt svar hefur borist frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Umbeðin gögn, kort og textar, voru send UNESCO. Náttúrufræðistofnun vann kortin af jarðvanginum, honum að kostnaðarlausu. Framkvæmdastjóri tók þátt í ferð til Portúgal á vegum Erasmus+ verkefnis Háskólafélagsins. Þá heimsótti Brynja Fjaðrárgljúfur en Jóna Björk Jónsdóttir stýrir umbótum þar á grundvelli styrks sem fékkst til verkefnisins. Víðtækt samráð er í því verkefni við hagsmunaaðila. Tengiliðir jarðvangsins hjá sveitarfélögunum eru komnir með réttindi á facebooksíðu jarðvangsins.

2. Jarðvangstengd verkefni á vegum Háskólafélagsins og þátttaka Kötlu jarðvangs í þeim.

Sigurður greindi frá Erasmus+ verkefni félagsins um Geo Education. Verkefnið felur í sér þróun aðferðafræði við náttúrufræðikennslu á vettvangi. Verkefnið felur að öðru leyti sér heimsóknir til samstarfslandanna, Króatíu, Póllands og Fortúgals. Stefnt er að því að sem flestir af vettvangi jarðvangsins fái tækifæri til að taka þátt í þessum heimsóknum. Erlendu heimsóknirnar til okkar verða nú í júnílok og í októberbyrjun í haust. Undir þessum lið var einnig rætt um leiðir til þess að auka almenna vitund íbúa sveitarfélaganna þriggja um jarðvanginn, og nauðsyn þess að vinna að stefnumörkun fyrir jarðvanginn til næstu ára. Á þessu stigi skiptir þó mestu máli að undirbúa vel heimsókn úttektaaðila í ágúst.

3. Fjárhagsstaða verkefnisins

Framkvæmdastjóri og bókari jarðvangsins munu fara yfir stöðuna fyrir næsta fund.

4. Undirbúningur að vinnu við endurmat

Stefnt er að vinnufundi með tengiliðum mánudaginn 15. júní í Kötluasetri (kl. 9:30) og aftur mánudaginn 22. júní.

5. Gerð móttökuplans vegna úttektaaðila – dagskrá

Sigurður mun senda ramma að dagskrá til stjórnarmanna og tengiliða jarðvangsins. Mikilvægt að huga vel að gistingu og matseðlum.

6. Verkefni næstu vikna

Rætt um kaup á fánum. Samþykkt að sveitarfélögin fjármagni þau kaup. Mikilvægt að þeir verði komnir í notkun við komu úttektaaðilanna. Einnig var rætt um mikilvægi þess að þeim yrði komið upp við aðkomu að jarðvanginum, við Eystri-Rangá og á Skeiðarársandi.

7. Önnur mál

Sigurður kynnti viðmið frá EGN um samstarf fyrirtækja og jarðvanga. Brynja tekur málið til skoðunar.

- Stefnt að næsta stjórnarfundi sem símafundi kl. 10 miðvikudaginn 5. ágúst. Fundi slitið kl. 11:15.